

Reglur um leikskólaþjónustu Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK

1. Gildissvið

Reglur þessar gilda um leikskólaþjónustu Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, Holtavegi 28, 104 Reykjavík.

Reglur þessar gilda til viðbótar við reglur um leikskólaþjónustu þess sveitarfélags sem forráðamaður barns er skráður í.

2. Innritun og opnunartími

2.1 Innritun

Umsókn um skólagöngu skal berast í gegnum rafrænt umsóknareyðublað á vefsíðu Vinagarðs <https://www.vinagardur.is/leikskolinn/umsoknir/>. Unnt er að fá aðstoð við umsókn í gegnum netfangið vinagardur@vinagardur.is.

Sækja má um skólagöngu þegar barn er komið með kennitölu. Forráðamenn eru hvattir til að sækja tímanlega um. Miðað er við kennitölu barns við ákvörðun um innritun þess og er elstu börnunum ávallt fyrst boðin innritun.

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Í því samhengi er vísað til reglna sveitarfélaga um leikskólaþjónustu.

Börnum starfsfólks Vinagarðs er veittur forgangur þegar kemur að innritun á Vinagarð. Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri hjá Vinagarði.

2.2. Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskólans

Almennur opnunartími leikskólans er frá kl. 07:45 til 16:30 virka daga og er lengd vistunar að lágmarki 4 klukkutímar á dag.

Leikskólinn er lokaður fyrir börn sex daga á ári vegna skipulagsdaga starfsfólks.

Sumarleyfi leikskólans fer að jafnaði fram í júlí þ.e. fjórar vikur á ári og er leikskólanum þá lokað.

2.3. Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Hvert sveitarfélag hefur reglur um innritun hjá sjálfstætt starfandi leikskóla. Forráðamenn barna þurfa að kynna sér reglur um kostnaðarþátttöku hjá búsetusveitarfélagi áður en gerður er dvalarsamningur vegna barns við Vinagarð, leikskóla KFUM og KFUK.

3. Úthlutun, dvalarsamningur og uppsögn foreldra

3.1. Úthlutun

Úthlutun leikskólapláss fer einkum fram á tímabilinu mars til og með júní á ári hverju. Ef nýjar umsóknir berast á meðan á vinnslu umsókna stendur geta þær þurft að bíða. Forráðamenn eru því hvattir til að sækja um leikskólapláss fyrir 1. mars þess árs sem óskað er eftir að nám hefjist.

Forráðamenn fá sent boð um pláss fyrir barn sitt í Vinagarði í tölvupósti sem svara þarf innan sjö daga frá dagsetningu boðsins. Hafi ekki borist staðfesting frá forráðamönnum innan tilskilins frests fellur boð um skólagöngu niður. Forráðamenn fá tilkynningu um upphaf skólagöngu eigi síður en fjórum vikum fyrir upphaf náms.

3.2. Dvalarsamningur og uppsögn

Leikskólinn og forráðamenn skulu gera með sér skriflegan dvalarsamning við upphaf skólagöngu. Með undirritun staðfesta forráðamenn að þeir hafi kynnt sér reglur um leikskólaþjónstu Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, ásamt gjaldskrá Vinagarðs. Forráðamenn staðfesta einnig með undirritun sinni að hlíta reglum um leikskólaþjónustu Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK eins og þær eru á hverjum tíma.

Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og berast leikskólanum með sannarlegum hætti. Uppsögn skal berast fyrir 10. hvers mánaðar og tekur gildi við næstkomandi mánaðarmót þar á eftir.

Breytingar á dvalartíma skulu einnig vera skriflegar og berast leikskólanum með sannarlegum hætti með minnst einnar viku fyrirvara.

4. Gjaldskrá

Gjaldskrá Vinagarðs miðast við barn með lögheimili í Reykjavík og má finna á <https://www.vinagardur.is/leikskolinn/gjaldskra/>. Sveitarfélög greiða meginhluta kostnaðar við nám barna í Vinagarði, leikskóla KFUM og KFUK.

4.1. Innheimta leikskólagjalda

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram.

Sumarlokun Vinagarðs er að jafnaði 4 vikur. Leikskólagjöld eru ekki innheimt á því tímabili.

Ef barn fer í leyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Leikskólinn er lokaður sex daga á ári vegna skipulagsdaga, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Leikskólinn er lokaður á almennum frídögum, aðfangadegi og gamlársdegi og lækka leikskólagjöld ekki vegna þessa.

4.2. Innheimtuferill vegna vanskila

Séu leikskólagjöld ógreidd 7 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviðvörun. Hafi krafa ekki verið greidd 21 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu skuldar þar. Þriðja innheimtubréf er sent 50 dögum eftir gjalddaga. Auk hefðbundinna dráttarvaxta fellur kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

4.3. Uppsögn leikskóladvalar vegna vanskila

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK, áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi hafi greiðsla ekki borist 30 dögum frá gjalddaga.

Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

5. Lög og reglur

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK starfar eftir lögum nr. 90/2008 um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Til viðbótar setur Vinagarður sér skólanámskrá sem er aðgengileg á vefsíðu Vinagarðs, <https://www.vinagardur.is/leikskolinn/>.

Ákvarðanir um rétt barna til aðgangs að Vinagarði, um rétt til sérstakar aðstoðar og þjálfunar og um gjalddöku fyrir skólavist í leikskóla eru kærarlegar til mennta- og barnamálaráðherra, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

6. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 4. maí 2022.